



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. P 143/1324
komudagur 26.3.2014

Reykjavík 26. mars 2014

Tilvísun: 2014010173

Tilvísun yðar: Þingskjal 457 - 249. mál

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Vísað er til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar embættis ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (EES-reglur, innleiðing, kærunefnd, hælismál), þingskjal 457 – 249. mál.

Ríkislögreglustjóri gerir eftirfarandi athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um það í 30. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002 að um birtingu stjórnvaldsákvæðana um brottvísun eða frávísun útlendinga annist viðkomandi stjórnvald sjálft. Um aðkomu embættis ríkislögreglustjóra að birtingu stjórnvaldsákvæðana segir í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins:

„ Það eru síðan fulltrúar alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra sem annast birtinguna en það embætti annast framkvæmd ákvörðunar og undirbýr heimferð umsækjanda. Það kemur því í hlut alþjóðadeildar að útskýra næstu skref í málinu „,

Ríkislögreglustjóri bendir á þá meginreglu í stjórnsýslurétti að viðkomandi stjórnvald annist sjálft birtingu ákvæðana sinna og telur ekki málefnalegar ástæður fyrir því að önnur málsmeðferð gildi um stjórnvaldsákvæðanir í málum útlendinga.

Um málsmeðferð stjórnvaldsákvæðana í málum útlendinga vísast til stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og V. kafla laga nr. 96/2002.

Ríkislögreglustjóri leggur til að felld verði brott úr 19. gr. frumvarpsins „*eða alþjóðadeild ríkislögreglustjóra*„ enda hefur embættið ekki með höndum rannsóknir í þessum málaflokki.

F.h. RLS

Jón Bjartmarz / Thelma Cl. Þórðardóttir